

Afkoma af rekstri á fyrsta ársfjórðungi yfir væntingum

Helstu atriði í afkomu fyrsta ársfjórðungs 2019

- **Tekjur námu 164 milljónum evra og hækkuðu um 8,5 milljónir eða 5,4% frá sama ársfjórðungi 2018**
 - Magn í áætlunarsiglingum jókst um 4,6%, drifið áfram af umtalsverðri aukningu í gámaflutningum sem jukust um 9,0% og hækkuðu tekjur um 5,1 milljón evra eða 5,0%.
 - Magn í flutningsmiðlun jókst um 1,0% en góður gangur var í frystiflutningsmiðlun sem jókst um 8,7%. Tekjur hækkuðu um 3,4 milljónir evra eða 6,2%.
- **Launakostnaður lækkar á milli tímabila en annar rekstrarkostnaður hækkar um 5,3% án áhrifa IFRS 16**
 - Laun og launatengd gjöld námu 32,7 milljónum evra samanborið við 33,7 milljónir á sama fjórðungi síðasta árs sem er lækkun um 3%. Á tímabilinu störfuðu að meðaltali um 1.800 starfsmenn hjá félaginu samanborið við um 1.860 starfsmenn á sama tímabili í fyrra. Um síðustu áramót var fjöldi starfsmanna 1.821.
 - Annar rekstrarkostnaður nam 115,8 milljónum evra. Án áhrifa IFRS 16 nam annar rekstrarkostnaður 120,6 milljónum evra samanborið við 114,5 milljónir á sama ársfjórðungi síðasta árs sem er hækking um 6,1 milljón eða 5,3%.
- **EBITDA nam 15,5 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi 2019 en 10,6 milljónum án áhrifa IFRS 16 samanborið við 7,3 milljónir á sama ársfjórðungi síðasta árs sem er aukning um 47%**
 - Helstu ástæður fyrir hækkun í EBITDA framlegð á milli ára eru jákvæður viðsnúningur í afkomu í Noregi, áframhaldandi vöxtur í Trans-Atlantic flutningum og í frystiflutningsmiðlun, góður gangur í starfsemi á Íslandi og þá eru hagræðingar- og skipulagsaðgerðir byrjaðar að skila sér.
- **Fjárfestingar tímabilsins námu 8,6 milljónum evra, þar af voru nýfjárfestingar 4,8 milljónir. Til samanburðar voru fjárfestingar 13,1 milljón evra og nýfjárfestingar 6,4 milljónir á sama ársfjórðungi síðasta árs**
- **Handbært fé í lok tímabilsins var 26,7 milljónir evra samanborið við 21,9 milljónir í lok árs 2018 sem er aukning um 4,8 milljónir**
- **Á ársfjórðungnum var tap að fjárhæð 2,5 milljónir evra samanborið við 1,6 milljóna tap á sama ársfjórðungi 2018**
 - Neikvæð einkiptis skattaleg áhrif að fjárhæð 3,4 milljónir evra hafa áhrif á afkomu ársfjórðungsins. Án þessa einkiptis liðar væri hagnaður 0,9 milljónir evra.
- **Heildareignir námu 519,1 milljón evra og eigið fé 233,3 milljónum**
 - Eiginfjárhlutfall var 44,9% á fyrsta ársfjórðungi 2019. Án áhrifa IFRS 16 var eiginfjárhlutfallið 48,1% samanborið við 49,3% á sama ársfjórðungi 2018.
- **Skuldetningarhlutfall var 2,92 á fyrsta ársfjórðungi 2019 en án áhrifa IFRS 16 var hlutfallið 2,55 samanborið við 2,80 í lok árs 2018 sem er jákvæð þróun á milli tímabila**

VILHELM MÁR ÞORSTEINSSON, FORSTJÓRI

„Afkoma af rekstri Eimskips á fyrsta ársfjórðungi 2019 var yfir væntingum og EBITDA niðurstaða fjórðungsins er sú besta á fyrsta ársfjórðungi frá árinu 2009. Ágætis vöxtur var í tekjum og flutningsmagni milli fjórðunga og ánægjulegt að sjá 9% aukningu í magni í gámaflutningum. Jákvæður viðsnúningur var í afkomu félagsins í Noregi þrátt fyrir minna flutningsmagn þar, sem skýrist m.a. af lægri rekstrarkostnaði en félagið rekur nú tveimur færri skip í Noregi miðað við sama tímabil í fyrra. Áframhaldandi vöxtur hefur verið í Trans-Atlantic flutningum og skipti félagið út einu skipi fyrir stærra skip á siglingaleið félagsins til Norður-Ameríku á tímabilinu til að svara aukinni eftirspurn. Enn fremur var góður vöxtur í alþjóðlegri frystiflutningsmiðlun en afkoma af henni olli nokkrum vonbrigðum á síðasta ári. Góður gangur var í innanlands starfsemi á Íslandi og loks eru hagræðingar- og skipulagsaðgerðir síðustu mánaða byrjaðar að skila sér í batnandi afkomu. Eftir mikinn ytri vöxt síðustu ár hafa verkefni þessa ársfjórðungs m.a. verið að skerpa á áherslum í rekstri og samþætta aðskildar einingar í sömu starfsemi með það að markmiði að auka skilvirkni og arðsemi.

Þrátt fyrir bættu afkomu af rekstri er engu að síður tap eftir skatt á tímabilinu. Þar spilar stærst einskíptis skattaleg gjaldfærsla að fjárhæð 3,4 milljónir evra. Eins og kom fram í tilkynningu í mars síðastliðnum tapaði félagið kærurnáli fyrir Yfirsattanefnd. Málið fjallaði um hvort skattleggja skyldi afkomu erlendra eignarhaldsfélaga skipa félagsins í móðurfélaginu á Íslandi samkvæmt svokölluðum CFC reglum. Úrskurður Yfirsattanefndar er félaginu mikil vonbrigði og skekkir enn frekar samkeppnisstöðu kaupskipaútgærðar íslenskra félaga og er á skjön við þá umgjörð sem búin er kaupskipaútgærðum í löndunum í kringum okkur.

Við erum ánægð með að hafa fengið formlegt samþykki Samkeppniseftirlitsins fyrir samstarfi Eimskips og Royal Arctic Line sem er búin að vera í undirbúningi í nokkur ár. Með samstarfinu opnast nýir möguleikar fyrir hagkvæmara siglingakerfi fyrir Eimskip sem og nýjar leiðir í flutningum til og frá Grænlandi með vikulegum siglingum. Þannig skapast tækifæri fyrir okkar viðskiptavinum meðal annars til aukinna viðskipta við Grænland. Í tengslum við fyrirhugað samstarf er Eimskip með tvö 2.150 gámaeininga skip í smíðum sem gert er ráð fyrir að verði komin í rekstur undir lok þessa árs. Það er mikilvægur liður í því að endurnýja skipaflota félagsins með umhverfisvænni og hagkvæmari skipum.

Stjórnendur og starfsfólk munu halda áfram á þeirri vegferð að samþætta og skerpa á áherslum í rekstri með það að markmiði að bæta rekstrarafkomu félagsins.“

LYKILTÖLUR

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

REKSTRARREIKNINGUR	Q1 2019			Q1 2018	Breyting	%	12M 2018
	Með áhrifum IFRS 16	Áhrif IFRS 16	Án áhrifa IFRS 16				
Rekstrartekjur	163.988		163.988	155.532	8.456	5,4%	689.154
Rekstrargjöld	148.466	4.890	153.356	148.281	185	0,1%	639.916
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir - EBITDA	15.522	4.890	10.632	7.251	8.271	114,1%	49.238
Afskriftir	(13.078)	(4.691)	(8.387)	(7.807)	(5.271)	67,5%	(32.548)
Rekstrarhagnaður - EBIT	2.444	199	2.245	(556)	3.000	(539,6%)	16.690
Hrein fjármagnsgjöld	(1.298)	187	(1.111)	(1.114)	(184)	16,5%	(4.923)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(84)		(84)	(670)	586	-	(1.753)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	1.062	(12)	1.050	(2.340)	3.402	-	10.014
Tekjuskattur	(3.575)	2	(3.573)	754	(4.329)	-	(2.612)
(Tap) hagnaður tímabilsins	(2.513)	(10)	(2.523)	(1.586)	(927)	-	7.402
(Tap) hagnaður á hlut í evrum	(0,0138)		(0,0136)	(0,0087)			0,0378
Tekjubreyting	5,4%		5,4%	8,4%			3,8%
EBITDA / rekstrartekjur	9,5%		6,5%	4,7%			7,1%
EBIT / rekstrartekjur	1,5%		1,4%	(0,4%)			2,4%
Nettóskuldir / LTM-EBITDA	2,92		2,55	2,10			2,80
LTM Arðsemi eiginfjár	2,8%		2,8%	6,4%			3,1%
	31.3.2019						
EFNAHAGSREIKNINGUR	Með áhrifum IFRS 16	Áhrif IFRS 16	Án áhrifa IFRS 16	31.03.2018	Breyting	%	31.12.2018
Eignir	519.068	(33.612)	485.456	468.781	50.287	10,7%	486.296
Fastafjármunir	366.833	(33.612)	333.221	321.701	45.132	14,0%	335.172
Veltufjármunir	152.235		152.235	147.080	5.155	3,5%	151.124
Eigið fé	233.301	(10)	233.291	231.016	2.285	1,0%	238.926
Skuldir	285.767	(33.602)	252.165	237.765	48.002	20,2%	247.370
Langtímaskuldir	165.785	(23.591)	142.194	128.179	37.606	29,3%	140.753
Skammtímaskuldir	119.982	(10.011)	109.971	109.586	10.396	9,5%	106.617
Vaxtaberandi skuldir	194.537	(33.602)	160.935	137.410	57.127	41,6%	159.593
Nettóskuldir	167.853	(33.602)	134.251	115.796	52.057	45,0%	137.652
Efnislegar eignir / heildareignir	87,0%		87,0%	85,9%			86,0%
Eiginfjárlutfall	44,9%		48,1%	49,3%			49,1%
	Q1 2019						
SJÓÐSTREYMI	Með áhrifum IFRS 16	Áhrif IFRS 16	Án áhrifa IFRS 16	Q1 2018	Breyting	%	12M 2018
Handbært fé frá rekstri	15.394	(4.359)	11.035	1.988	13.406	674,3%	29.029
Fjárfestingarhreyfingar	(7.865)		(7.865)	(13.841)	5.976	(43,2%)	(51.905)
Fjármögnunarhreyfingar	(3.189)	4.359	1.170	10.532	(13.721)	(130,3%)	20.631
Breyting á handbæru fé	4.340		4.340	(1.321)	5.661	-	(2.245)
Handbært fé í upphafi tímabils	21.941		21.941	23.169	(1.228)	(5,3%)	23.169
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	403		403	(234)	637	-	1.017
Handbært fé í lok tímabils	26.684		26.684	21.614	5.070	23,5%	21.941
	Q1 2019						
FLUTNINGSMAGN	Q1 2019			Q1 2018	Breyting	%	12M 2018
Magn í áætlunarsiglingum (þús. tonn)	507,0			485,0	22,0	4,5%	2.081,0
Magn í flutningsmiðlun (þús. TEUS)	50,6			50,2	0,4	0,8%	226,8

REKSTUR FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS 2019

Rekstrartekjur Eimskips á fyrsta ársfjórðungi 2019 námu 164,0 milljónum evra samanborið við 155,5 milljónir á sama tímabili 2018 og hækkuðu um 8,5 milljónir eða 5,4%. Flutt magn í áætlunarsiglingum jókst um 4,6% drifið áfram af 9,0% vexti í gámaskipakerfinu tengt Trans-Atlantic flutningum og Færeyjum. Hins vegar var 23% samdráttur í frystiskipaflutningum í Noregi en félagið fækkaði um tvö skip í rekstri á milli tímabila og eru þau nú

fimm talsins. Vöxtur í flutningsmiðlun nam 1,0% á milli tímabila. Góður vöxtur var í frystiflutningsmiðlun eða 8,7% en hins vegar var 16,7% samdráttur í flutningsmiðlun á þurrvöru sem skýrist að mestu leyti af sérhæfðum viðskiptum í Kína sem félagið hætti að sinna á seinni helmingi ársins 2018.

Rekstrargjöld félagsins námu 148,5 milljónum evra samanborið við 148,3 milljónir á sama tímabili 2018 sem er aukning um 0,2 milljónir. Eimskip tók upp nýja reikningsskilastaðalinn IFRS 16, um meðhöndlun rekstrarleiguskuldbindinga, frá og með 1. janúar 2019. Ef leiðrétt er fyrir áhrifum IFRS 16 námu rekstrargjöld 153,4 milljónum evra sem er aukning um 3,4% frá sama tíma 2018. Laun og launatengd gjöld lækkuðu um 1,0 milljón evra á milli ára eða um 3,0%.

EBITDA fjórðungsins nam 15,5 milljónum evra samanborið við 7,3 milljónir á sama tíma 2018 og hækkaði um 8,2 milljónir. Ef leiðrétt er fyrir áhrifum IFRS 16 var EBITDA tímabilsins 10,6 milljónir evra sem er aukning um 3,3 milljónir. Helstu ástæður fyrir hækkun í EBITDA framlegð á milli ára eru viðsnúningur í afkomu í Noregi, áframhaldandi vöxtur í Trans-Atlantic flutningum og flutningum til og frá Færeyjum, jákvæður vöxtur í frystiflutningsmiðlun, góður gangur í starfseminni á Íslandi og þá eru hagræðingar- og skipulagsaðgerðir byrjaðar að skila sér.

Afskriftir ársins námu 13,1 milljón evra á fyrsta ársfjórðungi 2019 samanborið við 7,8 milljónir á sama tíma 2018. Án áhrifa IFRS 16 voru afskriftir 8,4 milljónir evra sem er aukning um 0,6 milljónir.

Á fyrsta ársfjórðungi 2019 var gjaldfærður einskis skattakostnaður að fjárhæð 3,4 milljónir evra í kjölfar úrskurðar Yfirskattanefndar líkt og félagið tilkynnti um í fréttatilkynningu þann 15. mars 2019.

Tap tímabilsins eftir skatta nam 2,5 milljónum evra samanborið við 1,6 milljónir evra tap á sama tíma 2018. Ef horft er framhjá einskis skattakostnaði væri hagnaður 0,9 milljónir evra.

EFNAHAGUR

Heildareignir námu 519,1 milljón evra í lok fyrsta ársfjórðungs 2019 samanborið við 486,3 milljónir í lok árs 2018. Fastafjármunir námu 366,8 milljónum evra samanborið við 335,2 milljónir í lok síðasta árs. Vegna áhrifa IFRS 16 kom inn nýr eignarliður undir fastafjármuni vegna nýtingarréttar leigueigna og nemur sú fjárhæð 33,6 milljónum evra í lok tímabilsins.

Veltufjármunir námu 152,2 milljónum evra samanborið við 151,1 milljón í árslok 2018. Handbært fé nam 26,7 milljónum evra samanborið við 21,9 milljónir í árslok 2018. Viðskiptakröfur lækkuðu úr 124,1 milljón evra í árslok 2018 í 120,3 milljónir.

Eigið fé nam 233,3 milljónum evra í lok tímabilsins sem er lækkun um 5,6 milljónir sem skýrist af stærstum hluta af arðgreiðslu að fjárhæð ISK 653,2 milljónum eða um 4,8 milljónum evra sem var til greiðslu í apríl. Eiginfjárlutfallið var 44,9% en til samanburðar var eiginfjárlutfallið 49,1% í árslok 2018. Eiginfjárlutafall án áhrifa IFRS 16 var 48,1%.

Vaxtaberandi skuldir námu 194,5 milljónum evra í lok fjórðungsins og hækkuðu úr 159,6 milljónum í árslok 2018. Án áhrifa IFRS 16 námu vaxtaberandi skuldir 160,9 milljónum evra. Félagið hefur tryggt sér langtíma fjármögnun í stað útistandandi fjármögnunarleigu sem er á gjalddaga í lok annars ársfjórðungs að fjárhæð 8,3 milljónum evra og jafnframt tryggt sér langtíma fjármögnun að fjárhæð um 47 milljónir evra til 15 ára tengdri fjárfestingu í nýsmíði tveggja skipa.

Skammtímaskuldir námu 120,0 milljónum evra í lok fyrsta ársfjórðungs samanborið við 106,6 milljónir í árslok 2018. Hækkunin skýrist að mestu af IFRS 16 leiguskuldbindingum til greiðslu innan 12 mánaða og ógreiddum arði.

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

Handbært fé frá rekstri nam 15,4 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi 2019 samanborið við 2,0 milljónir á sama tíma 2018. Án áhrifa IFRS 16 var handbært fé frá rekstri 11,0 milljónir evra og er um umtalsverða aukningu að ræða milli tímabila.

Nettó fjárfestingahreyfingar námu 7,9 milljónum evra samanborið við 13,8 milljónir á sama tímabili 2018. Heildarfjárfestingar í rekstrarfjármunum (CAPEX) námu 8,6 milljónum evra og þar af voru viðhaldsfjárfestingar 3,7 milljónir. Stærstu fjárfestingar tímabilsins voru í nýjum gantry gámakrana í Sundahöfn og standsetningu á hafnaraðstöðu Sundabakka.

Nettó fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 3,2 milljónir evra samanborið við 10,5 milljóna evra jákvæðar fjármögnunarhreyfingar á sama tímabili 2018.

Handbært fé var 26,7 milljónir evra í lok fyrsta ársfjórðungs 2019 samanborið við 21,9 milljónir í árslok 2018.

ÁÆTLUÐ AFKOMA ÁRSINS 2019

Afkomuspá Eimskips fyrir árið 2019 er EBITDA á bilinu 51 til 57 milljónir evra.

Horfur fyrir árið 2019 eru ágætar í áætlunarsiglingum til og frá Íslandi þó loðnu brestur hafi vissulega haft áhrif á magn í útflutningi. Minnkandi umsvif og kólnun í íslenska hagkerfinu hefur áhrif á magn í innflutningi, sérstaklega á bílum og atvinnutækjum. Á hinn bóginn hefur dregið úr ákveðinni óvissu til dæmis í tengslum við nýgerða kjarasamninga. Gert er ráð fyrir áframhaldandi vexti á árinu í Trans-Atlantic flutningum sem tóku vel við sér á seinni hluta síðasta árs og áframhald hefur verið á því það sem af er ári. Reiknað er með áframhaldandi bata í afkomu af frystiflutningastarfsemi í Noregi þó áfram sé gert ráð fyrir krefjandi rekstrarumhverfi. Áfram er gert ráð fyrir að alþjóðleg flutningsmiðlun skili betri afkomu á árinu 2019 en árið 2018.

Stjórnskipulagi félagsins var breytt í upphafi árs 2019 með það að markmiði að skerpa á áherslum í rekstri og auka arðsemina til lengri tíma litið. Í lok apríl var ráðist í frekari samþættingar- og hagræðingaraðgerðir á Íslandi sem eiga eftir að skila sér í betri afkomu. Undanfarin ár hafa einkennst af miklum ytri vexti en nú er aukin áhersla lögð á að bæta arðsemi í núverandi starfsemi.

Á árinu 2019 verður fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum mikil vegna uppbyggingar á hafnarsvæði í Sundahöfn, kaupum á stórum hafnarkrana og kaupum á tveimur nýjum skipum. Sjóðstreymi frá rekstri ásamt nýjum lántökum fjármagnar þá innviðaupbyggingu.

Áfram er almenn óvissa varðandi efnahagsaðstæður á heimsvísu s.s. Brexit og tollastríð, flutningsmagn, verð á flutningum, olíukostnað, gengis- og vaxtaþróun og samkeppni.

HLUTHAFAR

Markaðsvirði Eimskips var um 248,5 milljónir evra eða 34,4 milljarðar króna við lok viðskipta þann 23. maí 2019.

Lokaverð bréfa Eimskips í árslok 2018 var 228,0 krónur á hlut og nam meðaltalslokaverð ársins 2018 220,1 krónu á hlut. Lokaverð þann 23. maí 2019 var 184,00 krónur á hlut, sem jafngildir 19,3% lækkun frá áramótum.

Fjöldi útgefna hluta er 187.000.000, þar af eru 186.639.230 útistandandi hlutir og 360.770 eigin hlutir. Fjöldi hluthafa í árslok 2018 var 703 en hluthafar voru 691 talsins þann 23. maí 2019.

Aðalfundur Eimskips, sem haldinn var þann 28. mars 2019, samþykkti arðgreiðslu sem nam 3,50 krónum á hlut. Nam heildararðgreiðslan 653,2 milljónum króna eða um 4,8 milljónum evra. Arðgreiðsludagur var 10. apríl 2019.

LYKILSTÆRÐIR ÁRSFJÓRÐUNGA

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

REKSTUR	Q1 2019	Q4 2018	Q3 2018	Q2 2018	Q1 2018
Rekstrartekjur	163.988	178.827	182.164	172.631	155.532
Rekstrargjöld	148.466	169.387	164.530	157.718	148.281
EBITDA	15.522	9.440	17.634	14.913	7.251
EBIT	2.444	513	9.738	6.995	(556)
(Tap) hagnaður tímabilsins	(2.513)	(1.896)	6.269	4.615	(1.586)
EBITDA / rekstrartekjur	9,5%	5,3%	9,7%	8,6%	4,7%
EBIT / rekstrartekjur	1,5%	0,3%	5,3%	4,1%	(0,4%)
EFNAHAGUR	31.03.2019	31.12.2018	30.09.2018	30.06.2018	31.03.2018
Eignir	519.068	486.296	487.944	477.105	468.781
Eigið fé	233.301	238.926	242.538	237.086	231.016
Skuldir	285.767	247.370	245.406	240.019	237.765
Vaxtaberandi skuldir	194.537	159.593	152.219	150.347	137.410
Nettóskuldir	167.853	137.652	132.889	128.830	115.796
Eiginfjárlutfall	44,9%	49,1%	49,7%	49,7%	49,3%
SJÓÐSTREYMI	Q1 2019	Q4 2018	Q3 2018	Q2 2018	Q1 2018
Handbært frá rekstri	15.394	8.375	10.647	8.019	1.988
Fjárfestingarhreyfingar	(7.865)	(13.683)	(13.467)	(10.914)	(13.841)
Fjármögnunarahreyfingar	(3.189)	7.522	708	1.869	10.532
Handbært fé í lok tímabils	26.684	21.941	19.330	21.517	21.614

RANNSÓKN SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

Rannsókn Samkeppniseftirlitsins stendur enn yfir. Eimskip mun áfram leggja sig fram um að veita svör í samræmi við lagalegar skyldur félagsins, en félagið mun ekki skila athugasemdum við andmælaskjal 1 fyrr en andmælaskjal 2 hefur verið afhent. Hvenær það gerist er ekki vitað á þessari stundu. Það er félaginu fyrir bestu að niðurstöður rannsóknarinnar liggja fyrir sem allra fyrst.

UM EIMSKIP

Eimskip er leiðandi flutningafyrirtæki á Norður-Atlantshafi með tengingar við alþjóðlega markaði og sérhæfingu í flutningsmiðlun um allan heim með þá framtíðarsýn að vera framúrskarandi í flutningalausnum og þjónustu. Eimskip var stofnað árið 1914 og er með hlutabréf sín skráð á Nasdaq Iceland. Félagið rekur 63 starfsstöðvar í 20 löndum í fjórum heimsálfum, er með 19 skip í rekstri og hefur á að skipa um 1.800 starfsmönnum.

KYNNINGARFUNDUR 24. MAÍ 2019

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 24. maí 2019 í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2 í Reykjavík og hefst hann kl. 8:30. Vilhelm Már Þorsteinsson forstjóri mun kynna uppgjör félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung 2019. Uppgjörsgögn og upptöku af fundinum verður hægt að nálgast eftir fundinn á fjárfestasíðu Eimskips, www.eimskip.com/investors.

SAMÞYKKI STJÓRNAR

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. samþykkti árshlutareikning samstæðu Eimskips fyrir fyrsta ársfjórðung 2019 á stjórnarfundum þann 23. maí 2019.

FJÁRHAGSDAGATAL

- Q1 2019: Uppgjör birt 23. maí 2019
- Q2 2019: Uppgjör birt 29. ágúst 2019
- Q3 2019: Uppgjör birt 21. nóvember 2019
- Q4 2019: Uppgjör birt 27. febrúar 2020
- Aðalfundur: 27. mars 2020

FREKARI UPPLÝSINGAR

- Vilhelm Már Þorsteinsson, forstjóri, sími: 525 7202
- Egill Örn Petersen, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, sími: 525 7202
- Edda Rut Björnsdóttir, markaðs- og samskiptastjóri, sími: 825 3399, netfang: investors@eimskip.is

TIL ATHUGUNAR FYRIR FJÁRFESTA

Eimskip vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari afkomutilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari afkomutilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar tilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við sem segir í fyrirvara þessum.